

Mánudaginn 23. febrúar 1959.

Nr. 215/1957. **Ákæruvaldið** (Árni Guðjónsson hdl.)

gegn

Marteini Jóni Magnússyni Skaftfells,

Friðriki Lunddal Baldvinssyni,

Jóni Hilmarí Norðfjörð,

Klemenzi Þorleifssyni,

Steindóri Björnssyni og

Guðna Sigurði Einarssyni

(Sveinbjörn Jónsson hrl.).

Dómendur:

hæstaréttardómararnir Árni Tryggvason, Jón Ásbjörnsson og
Jónatan Hallvarðsson og prófessorarnir Magnús P. Torfason og
Ólafur Jóhannesson.

Brot á löggjöf um lyfsölu og auglýsingar lyfja.

Dómur Hæstaréttar.

Samkvæmt úrskurði Hæstaréttar 29. október 1958 hefur verið fengin umsögn Læknaráðs um:

1. lækisfræðilega skilgreiningu á orðinu lyf,
2. álitsgerðir prófessoranna Júlíusar Sigurjónssonar og Kristins Stefánssonar, sem raktar eru í héraðsdómi.

Að því er fyrra atriðið varðar, kveðst Læknaráð fallast á skilgreiningu prófessors Knuds O. Möllers, sem í þýðingu löggilts skjalþýðanda hljóðar svo:

„*Skýrgreining hugtaksins lyf*. Eftirfarandi skýrgreining er efnislega algerlega samsvarandi þeim skýrgreiningum á hugtakinu, sem mest tíðkast á alþjóðlegum vettvangi: „Til lyfja teljast meðul (efni, efni til inngjafar og líffræðileg efni, svo sem serum, bólusetningarefni og þess háttar, og enn fremur hvers konar samsett meðul, sem hafa inni að halda eitthvert þeirra), sem ætluð eru til þess að lækna sjúkdóma eða sjúkdómseinkenni hjá mönnum eða skepnum, draga úr þeim, vinna gegn þeim eða koma í veg fyrir þau, og enn fremur meðul, sem með útvortis eða innvortis notkun eru notuð til þess að greina sjúkdóma hjá mönnum og skepnum (diagnostica). Til lyfja teljast einnig meðul, sem notuð eru til þess að vinna á móti sársaukakennd við fæðingar og hvers konar upp-

skurði. („Innvortis notkun“ telst hvers konar inngjöf lyfja, sem ekki telst falla undir „útvortis notkun“).“

Um síðara atriðið í úrskurði Hæstaréttar segir Læknaráð, að það sé í öllum aðalatriðum sammála álitssgerðum próffessoranna.

I.

Hinn 25. febrúar 1957 kom ákærði Guðni Sigurður Einarsson fyrir sakadóm ásamt þremur öðrum hinna ákærðu. Ákærðu skýrðu þá frá því, að Guðni Sigurður hefði haustið 1955 verið kjörinn í stjórn Pöntunarfélags Náttúrulækningafélags Reykjavíkur, og væri hann meðstjórnandi. Voru ákærðu síðan kynnt gögn, sem þeim voru eigi áður kunn, en þeir óskuðu ekki „að taka neitt sérstakt fram að svo stöddu“. Ákærði Guðni Sigurður kom fyrir dóm einungis þetta eina sinn. Gögn málsins veita enga frekari vitneskju um þátt hans í starfsemi þeirri, sem um er að tefla, né horf hans til hennar. Þegar af þessum ástæðum ber að dæma honum sýknu af kröfum ákæruvalds í máli þessu.

II.

Samkvæmt því, sem fram er komið í málinu, þykir eigi örugglega í ljós leitt, að öðrum en lyfsölum sé óheimilt og refsivert eftir lagaboðum þeim, er í ákæruskjali greinir, að annast sölu á efnunum Sanasol, Adesol, Baldriana Beeren, Bierhefe Pulver, Mistelöl Gelatine Kapseln og Immer Jünger Knoblauch Beeren. Verða refsikröfur ákæruvalds og upp-töku vegna sölu þessara efna því eigi teknar til greina. Hins vegar má staðfesta ákvæði héraðsdóms um, að ákærðu, að undanskildum ákærða Guðna Sigurði, hafi með sölu á efninu Laxatan með árituðum notkunarreglum brotið gegn ákvæðum þeim, sem talin eru í héraðsdómi.

Ákvæði héraðsdóms um, að auglýsingar efnanna Sanasol og Adesol varði ekki við lög, þykir mega staðfesta. Þá ber og að staðfesta ákvæði héraðsdóms um brot ákærðu, að undanskildum ákærða Guðna Sigurði, með auglýsingum um hin önnur efnin.

III.

Refsing hvers hinna sakfelldu þykir með hliðsjón af 77. gr. laga nr. 19/1940 og 1. gr. laga nr. 14/1948 hæfilega ákveðin 600,00 króna sekt í ríkissjóð, og komi varðhald 3 daga í stað hversrar sektar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um upptöku efnisins Laxatans.

Eftir úrslitum málsins er rétt samkvæmt 2. mgr. 141. gr. laga nr. 27/1951, að hinir sakfelldu greiði in solidum $\frac{1}{3}$ hluta og ríkissjóður $\frac{2}{3}$ hluta sakarkostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti, þar með talin laun sækjanda fyrir Hæstarétti, kr. 7.000,00, og laun verjanda í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 9.000,00.

Dómsorð:

Ákærði Guðni Sigurður Einarsson á að vera sýkn af kröfum ákærvaldsins í máli þessu.

Ákærðu Marteinn Jón Magnússon Skaftfells, Friðrik Lunddal Baldvinsson, Jón Hilmar Norðfjörð, Klemenz Þorleifsson og Steindór Björnsson greiði hver um sig 600,00 króna sekt í ríkissjóð, og komi varðhald 3 daga í stað sektar hvers þeirra, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um upptöku efnisins Laxatans á að vera óraskað.

Hinir sakfelldu greiði in solidum $\frac{1}{3}$ hluta og ríkissjóður $\frac{2}{3}$ hluta sakarkostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti, þar með talin laun sækjanda fyrir Hæstarétti, Árna Guðjónssonar héraðsdómslögmanns, kr. 7.000,00, og laun verjanda í héraði og fyrir Hæstarétti, Sveinbjörns Jónssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 9.000,00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 6. september 1957.

Ár 1957, föstudaginn 6. september, var í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu dómsins af Guðm. Ingva Sigurðssyni og meðdómendum Erlingi Edwald lyfjafræðingi og Snorra Páli Snorrasyni lyflækni, kveðinn upp dómur í málinu nr. 3410—3415/1957: Ákærvaldið gegn Marteini Jóni Magnússyni Skaftfells, Friðriki Lunddal Baldvinssyni, Jóni Hilmarí Norðfjörð, Klemenzi Þorleifssyni, Steindóri Björnssyni og Guðna Sigurði Einarssyni. Málið var tekið til dóms 29. ágúst sl.

Málið er höfðað gegn Marteini Jóni Magnússyni Skaftfells kennara, Hamrahlíð 5, Friðriki Lunddal Baldvinssyni verzlunarmanni, Seljavegi 31, Jóni Hilmarí Norðfjörð loftskýtamanni, Brávallagötu 18, Klemenzi Þorleifssyni kennara, Hjallavegi 1, Steindóri Björnssyni efnisverði, Sölvhólgötu 10, og Guðna Sigurði Einarssyni verzlunarmanni, Laugarnesvegi 54, öllum í Reykjavík. Eru þeir samkvæmt ákæruskjali, dags. 25. marz 1957, ákærðir fyrir „að hafa gerzt sekir um brot gegn 17. gr. laga nr. 47 23. júní 1932, um lækningaleyfi, um réttindi og skyldur lækna og annarra, er lækningaleyfi hafa, og um skottulækningar, tilskipun um lækna og lyfsala frá 4. desember 1672, 30. gr. kansallíbréfs um lyfjasölu frá 16. september 1797, sbr. auglýsingu um löggildingu nýrrar lyfjaskrár, nr. 72 14. júlí 1950, og reglugerð varðandi gerð lyfseðla og afgreiðslu lyfja, nr. 273 30. desember 1950, 36. gr., með því að láta frá því í desembermánuði 1954 selja í sölubúð Náttúrulækningafélags Íslands í Reykjavík vítamínblöndurnar Sanasol og Adesol, einnig efnin Baldriana Beeren, Laxatan, Mistelöl Gelatine Kapseln, Immer Jünger Knoblauch Beeren, konzentriert, allicinverstärkt Bierhefe Pulver, þótt efni þessi þyki falla undir skilgreininguna lyf og þótt áritun um efnainnihald og notkun þeirra þyki fara í bága við framangreind ákvæði laga nr. 47/1932 og reglugerðar nr. 72/1950.

Ákærast því framangreindir menn til að sæta refsingum samkvæmt 18. gr. laga nr. 47/1932, tilskipun 4. des. 1672 og kansallíbréfi 16. sept. 1797, til upptöku vörubirgða samkvæmt kansallíbréfi 16. sept. 1797 og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Ákærði Marteinn Jón Magnússon Skaftfells er fæddur 14. ágúst 1903 á Auðnum í Meðallandi. Hefur hann sætt kærur og refsingum sem hér segir:

Í Reykjavík:

- 1926 9/8 Dómur, 8 daga fangelsi við vatn og brauð, skilorðsbundið, fyrir brot gegn 255. gr. almennra hegningarlaga frá 1869.
- 1929 4/6 Sátt, 30 kr. sekt fyrir brot gegn reglugerð um lokun sölubúða.
- 1931 — Undir gjaldprotarannsókn. Felld niður.
- 1953 30/7 Kærður fyrir meint hegningarlagabrot. Felld niður skv. bréfi dómsmálaráðun.

Ákærði Friðrik Lunddal Baldvinsson er fæddur 28. apríl 1924 í Reykjavík. Hefur hann sætt kærðum og refsingum sem hér segir:

- 1938 1/4 Kærður fyrir þátttöku í þjófnaði á sælgætiskassa. Afgr. til barnaverndarnefndar.
- 1939 14/11 Kærður fyrir þjófnað. Afgr. til barnaverndarnefndar.
- 11/11 Kærður fyrir svik og þjófnað. Afgr. til barnaverndarnefndar.
- 7/12 Kærður fyrir ýmsa þjófnaði. Afgr. til barnaverndarnefndar.
- 1941 31/5 Dómur aukaréttar Reykjavíkur, 30 daga fangelsi, skilorðsbundið, sviptur kosningarrétti og kjörgengi fyrir reiðhjólþjófnað.
- 1948 13/11 Rvík. Dómur aukaréttar, 1.000 kr. sekt fyrir brot gegn 217. gr. hegningarlaga.
- 1956 22/6 Rvík. Kærður fyrir árás og óspektir. Felld niður skv. bréfi dómsmálaráðun. 13/11 1956.

Ákærði Jón Hilmar Norðfjörð er fæddur 2. september 1906 á Sauðárkróki. Hefur hann sætt kærðum og refsingum sem hér segir:

Í Reykjavík:

- 1930 20/9 Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
- 1939 16/1 Sátt, 255 kr. sekt fyrir tolllagabrot.
- 1940 2/2 Sátt, 100 kr. sekt fyrir tolllagabrot.
- 1945 25/1 Sátt, 350 kr. sekt fyrir tolllagabrot.
- 1956 26/9 Sátt, 50 kr. sekt fyrir brot á l. nr. 73/1952.

Ákærði Klemenx Þorleifsson er fæddur 5. júlí 1896 í Kálfárdal í Bólstaðarhlíðarhreppi. Hann hefur, svo að vitað sé, eigi sætt kærðu eða refsingu fyrr.

Ákærði Steindór Björnsson er fæddur 3. maí 1885 á Hvanneyri í Borgarfirði. Hann hefur sætt kærðum og refsingum sem hér segir:

Í Reykjavík:

1936 22/5 Kærður fyrir höfuðhögg. Fellt niður.

1940 27/6 Sátt, 5 kr. sekt fyrir brot á l. nr. 18/1901.

Ákærði Guðni Sigurður Einarsson er fæddur 6. maí 1928 í Keflavík. Hann hefur ekki sætt kærðu eða refsingu fyrr.

Hér í bæ er starfandi verzlunarfélag, er ber nafnið Pöntunarfélag Náttúrulækningafélags Reykjavíkur. Hefur félagið opnað sölubúð á Týsgötu 1, þar sem seldar eru hvers kyns matvörur. Pöntunarfélagið er sjálfstætt félag, en — eins og nafnið bendir til, — í nánú sambandi við Náttúrulækningafélag Reykjavíkur. Er mál það hófst, sem hér er til úrlausnar, voru í stjórn pöntunarfélagsins ákærðu Marteinn Jón Magnússon Skaftfells, formaður félagsstjórnar, Jón Hilmar Norðfjörð, varaformaður, og meðstjórnendur Friðrik Lunddal Baldvinsson, Klemenz Þorleifsson og Steindór Björnsson. Haustið 1955 varð sú breyting á stjórninni, að ákærði Friðrik Lunddal Baldvinsson lét af stjórnarstörfum. Í hans stað kom í stjórnina ákærði Guðni Sigurður Einarsson.

Með bréfi, dags. 11. desember 1954, kærði Apótekarafélag Íslands til sakadómara yfir því, að ólögleg lyfjasala ætti sér stað úr verzlun Pöntunarfélags Náttúrulækningafélags Reykjavíkur á Týsgötu 1. Vörur þær, sem um var að véla, voru vítamínblöndurnar Adesol og Sanasol. Með viðbótarkæru, dags. 26. febrúar 1955, kærði Apótekarafélagið Pöntunarfélag Náttúrulækningafélags Reykjavíkur fyrir að hafa á boðstólum í verzlun sinni efnin Baldriana Beeren, Laxatan, Mistelöl, Immer Jünger Knoblauch Beeren og Bierhefe Pulver, en Apótekarafélagið taldi öll þessi efni lyf.

Ákærðu viðurkenndu allir, að þessi efni væru öll seld í verzlun pöntunarfélagsins. Hins vegar andmæltu þeir því, að efni þessi væru lyf. Um vítamínblöndurnar var það tekið sérstaklega fram, að þær væru næringarefni og fyrst og fremst sem uppbót á fjörefnasnauða fæðu. Sanasol er norskt að uppruna, en ákærði Marteinn Jón M. Skaftfells flytur inn efnin í heilum umbúðum. Ákærði blandar efnin og setur síðan á flöskur, sem hver tekur einn lítra. Hann sagði, að samsetning Sanasol væri verksmiðju-leyndarmál, og vildi því ekki veita frekari upplýsingar um efna-

innihald Sanasol. Adesol er flutt inn frá Danmörku. Önnur efni, sem kært var út af, eru flutt inn frá Þýzkalandi. Sanasol-flaskan er seld á kr. 39,70, Adesol á kr. 26,50, Bierhefe Pulver á kr. 11,70 dósin, Baldriana Beeren-pakkinn á kr. 13,50. Immer Jünger Knoblauch Beeren á kr. 10,50, Mistelöl Gelatine Kapseln-pakkinn á kr. 13,50 og Laxatan-pakkinn á kr. 9,00. Er athugun var gerð á verði vara þessara hinn 26. október 1956, var Adesol ekki lengur til og Laxatan-birgðirnar búnar í svipinn.

Á umbúðum varanna voru upplýsingar um innihald, notkun og lækningamátt efnanna. Á Sanasol-umbúðunum stendur, að Sanasol sé bragðgott og hressandi næringarefni, ríkt að fjörefnunum A og D, B og C. Þá segir, að A- og D-vítamín magnið sé jafnmikið og í lýsi. Magnið af C-vítamíninu er hér um bil fjórum sinnum meira en í ferskum appelsínuvökva, og magnið af B-vítamíninu er um sex sinnum meira en í ölgeri. Umreiknað í vítamíneiningar er vítamínnihaldið sem hér segir: A-vítamín: 5000, D-vítamín: 500, B₁-vítamín: 1,0 mg, B₂-vítamín: 12 mg, Niasinamid: 10 mg, og C-vítamín: 30.

Að öðru leyti segir, að Sanasol innihaldi þykkni úr malti, sólaraldinum og ferskum appelsínunum auk sykurs.

Notkunarreglur á umbúðunum lúta að því, að fullorðnir skuli taka daglega 1—2 barnaskeiðar, börn sama magn og ungbörn 1—2 teskeiðar eða nánar eftir læknisráði. Á Adesol-umbúðunum stendur, að það sé hressandi og mjög bragðgóð vítamínblanda. Þá er getið vítamín magns í einni barnaskeið af blöndunni, reiknað í vítamíneiningum, eins og hér segir: A-vítamín: 2000, B₁-vítamín: 333, C-vítamín: 500, D-vítamín: 480 og 1 mgr af B₂-vítamíni. Notkunarreglur segja, að dagskammtur fullorðinna skuli vera ein barnaskeið af blöndunni einu sinni til tvisvar dag hvern og skammtur barna ein teskeið einu sinni til tvisvar á dag.

Á umbúðum Baldríana-pillnanna segir, að pillurnar séu unnar úr aðalefnum garðabruðurótarinnar. Pillurnar verka á svefnleysi og meltingarörðugleika af völdum taugatruflana og geðæsinga. Notkunarreglurnar á umbúðunum segja, að dagskammtur skuli vera 3 pillur tvisvar á dag. Við svefnleysi skal skammturinn vera 3—5 pillur. Í kassanum undan Baldríana-pillunum var auglýsingamiði. Verður efnis hans getið síðar.

Á umbúðunum undan Laxatan-pillunum segir, að efnið sé hægðalyf, milt og áreiðanlegt, sem hafi í för með sér rækilega, en óþægindalausla tæming. Efnið er megrandi, örvar starfsemi

lifrar og galls, eykur almenna velliðan og styrkir líkamann. Þess er getið, að pillurnar innihaldi efnið phenolphtaleín. Notkunarreglurnar á umbúðunum segja, að dagskammturinn skuli vera 1—2 pillur, ef pillurnar eru notaðar sem hægðalyf, en 2—4 pillur, ef efnið er notað sem megrunarlyf. Í umbúðunum var auglýsingamiði, sams konar og í Baldríana-umbúðunum, sem síðar verður greint frá.

Á Immer Jünger-umbúðunum segir, að Immer Jünger-pillurnar innihaldi öll verkandi efni fersks geirlauks í þétuðu, auðmeltu formi. Pillurnar halda mönnum ungum og frískum. Þær verka gegn blóðrásartruflunum, slagæðakölkun, of háum blóðþrýstingi, meltingartruflunum, gyllinæð, innýfla-ormum og efnaskiptasjúkdómum. Notkunarreglur mæla fyrir um, að menn skuli taka 2 pillur á undan máltíð, þrisvar á dag.

Þá er að geta efnisins Mistelöls eða mistilolíubelgjanna. Á umbúðunum stendur, að hin verkandi efni mistilteinsins, uppleyst í olíu, séu ágæt varnarlyf gegn æðakölkun, háum blóðþrýstingi, örðugleikum umbreytingaráranna, taugatruflunum og meltingarörðugleikum. Notkunarreglur segja, að menn skuli taka inn 1—2 belgi þrisvar á dag.

Bierhefe-pulver eða ölgers-duft er, samkvæmt áritun á umbúðir til varnar gegn B-vítamínsskort, sleni, taugaverkjum og graftarígerðum. Auk þess er það gott fyrir sjúklinga í afturbata. Það inniheldur auk B-vítamína lífsnauðsynleg eggjahvítu efni og steinefni. Notkunarreglur mæla fyrir um, að dagskammtur skuli vera 2—3 skeiðar af duftinu.

Samkvæmt vottorði Atvinnudeildar Háskólans, dags. 31. október 1956, er gerið í duftinu dautt.

Svo sem fyrr greinir, fylgdu bæði Laxatan- og Baldríana-pökkunum auglýsingamiðar, þar sem m. a. lækningamáttur Baldríana, Laxatan og Immer Jünger er auglýstur á sama veg og að ofan greinir um það, sem stendur á umbúðum þessara efna, en að mun rækilegar.

Eðlilega beindist rannsókn málsins að því, hvert væri innihald efna þeirra, sem kært var út af, til þess — meðal annars — að fá úr því skorið, hvort innihald efnanna væri í samræmi við upplýsingar á umbúðum. Var Atvinnudeildinni falin rannsóknin með bréfi, dags. 20. maí 1955. Rannsóknin reyndist erfiðleikum bundin. Auk þess leiddu ýmis ófyrirsjáanleg atvik til þess, að rannsóknin dróst „óhæfilega“, eins og segir í bréfi Atvinnu-

deildarinnar, er fylgdi niðurstöðu rannsóknarinnar, en bréfið er dags. 10. ágúst 1956.

Í bréfinu segir m. a. að öðru leyti á þessa leið:

„Sýnishorn af Mistelöl hefur eigi verið rannsakað, þar sem aðferðir til ákvörðunar á plöntu-extrakti því, sem belgjunum er ætlað að innihalda, eru ekki fyrir hendi.

Í sýnishorni Baldríana Beeren er aðeins ákvarðaður þungi. Samsetning *Pilulae valerianae* (Balderianpillur) er skráð í Ph. Dan. 1948, og er meðalþungi pillnanna í samræmi við það, sem þar er tiltekið.

Í sýnishorni *Knoblauch Beeren* hefur aðeins verið ákvarðaður brennisteinn (S), og reyndist hann allhár

Niðurstöður:

Af prófunum þeim, sem gerðar hafa verið á öðrum sýnishornum, eru yfirleitt í samræmi við þær upplýsingar, sem skráðar eru á umbúðunum (svo). Þó eru niðurstöður á eldra sýnishorninu af *Sanasol* (sýnish. merkt 1) nokkru lægri en í hinu. Gera má ráð fyrir breytingum við geymslu, þannig að upprunalegt vítamín-innihald (A og C) hafi verið hærra en það, sem nú kemur fram.

Niðurstöður af sýnishorni af *Laxatan* nálgast nokkuð skráða samsetningu á *Tabl. phenolphthaleíni* (Ph. Dan. 1948).“

Leitað var álits prófessorsins í heilbrigðisfræði við Háskóla Íslands, Júlíusar Sigurjónssonar, á því, hvað væri hin fræðilega skýrgreining orðsins fæða og hvort efnin *Adesol* og *Sanasol* væru fæða eða ekki.

Í álitsgerð prófessorsins, dags. 14. febrúar 1957, segir m. a. á þessa leið:

„.... Ad. 1: Fræðilega skýrgreining orðsins fæða mætti orða eitthvað á þessa leið: Hráefni, sem lífverur vinna úr efni sér til lífsviðurværis, — þ. e. til orkuframleiðslu og til vaxtar, viðhalds og endurnýjunar.

Slík skýrgreining er að vísu næsta ófullkomin og dugar oft skammt til leiðsagnar, er úrskurða skal, hvort tiltekið efni sé fæða eða ekki.

Næringarefni fæðunnar eru, sem kunnugt er, orkuefni (eggja-hvíta, fita og kolefni) og aukaefni (steinefni, vítamín). Hygg ég, að það mundi vera í samræmi við venjulegan skilning máls að telja, að því aðeins sé efni eða efnablanda fæða, að í því sé eitthvert orkuefnanna. Á hinn bóginn yrðu þó ekki öll efni talin

fæða, þó að í þeim finnist orkuefni. Þarna verða ekki sett ein-skorðuð mörk, m. a. mundi magn orkuefna skipta máli, er til mats kæmi í einstökum tilfellum.

Samkvæmt þessu mundi hreint salt eða hreint vítamín eða blanda slíkra efna ekki teljast fæða, þótt nota meg, í hæfilegu magni, til að blanda í fæðu og bæta hana. Sama máli mundi gegna um vítamínþétu („koncentrat“) sem hreint vítamín í þessu sambandi.

Ad. 2: Svo er að sjá, að það sé aðallega eða eingöngu vítamínmagnið í efnablöndunum Adesol og Sanasol, sem þeim er talið til gildis. Sum vítamínanna leysast upp í olíu, en önnur í vatni. Hefur þeirra eflaust verið aflað sitt í hverju lagi að mestu, en síðan blandað saman í viðeigandi upplausnar-efnum.

Af því, sem segir um Sanasol í málsskjali nr. 15 (bls. 22), má ætla, að C-vítamínið eða a.m.k. nokkuð af því teljist unnið úr rósaaldinum og appelsínunum. Um Adesol er sagt í málsskjali nr. 34 (bls. 45), að í því sé lúðulýsi og þá væntanlega aðeins nokkrir dropar í 100 ml; og skv. málsskjali nr. 1 virðist talið, að calci-ferol sé bætt í þessa blöndu, enda er hlutfallið á milli A- og D-vítamína í Adesol, eftir því sem gefið er upp á sama stað, annað en gerist í lúðulýsi, en lúðulýsi má teljast sem vítamín-þétta. Að öðru leyti verður ekki séð, hvort vítamínin séu fengin sem hrein efni eða t. d. sem þéttuð upplausn dregin úr vítamínauðugu hráefni.

Þótt ætla meg, að eitthvað sé af orkuefnum í blöndunum Adesol og Sanasol, hlýtur magn þeirra að vera svo lítið í þeim skammti, sem ætlazt er til, að tekinn sé inn daglega, að ekki skipti máli. Virðist mér því að öllu athuguðu eðlilegt að telja þessar blöndur vera fæðuuppbót eða lyf frekar en fæðu“

Einnig leitaði dómurinn til kennarans í lyfjafræði við lækna-deild Háskóla Íslands, Kristins Stefánssonar, og spurði hann, hvort hann teldi efnin, sem mál þetta er risið af, lyf eða ekki. Svar barst með bréfi, dags. 22. febrúar 1957. Þar segir m. a. svo:

„.... Sanasol er talið innihalda vítamín A, D, B og C. Samkvæmt rannsókn, framkvæmdri af Atvinnudeild Háskólans, finnast A- og C-vítamín í Sanasol, en ekki verður séð, að reynt hafi verið að ákvarða D- og B-vítamín. Fyrrgreind vítamín teljast öll lyf. Magn vítamína í Sanasol er það mikið, að vænta mætti læknaði verkana af þeim skömmtum, sem ætlazt er til, að teknir séu. Gert er ráð fyrir, að Sanasol sé notað á þann hátt,

sem tíðkanlegt er um lyf. a. Efnasamsetning, b. magn virkra efna og c. notkunarform einkenna lyf öðru fremur.

Adesol líkist Sanasol í fyrrgreindum meginatriðum.

Laxatan virðist vera töflur, og inniheldur hver tafla 72,5 mg phenolphtaleín. Phenolphtaleín er viðurkennt lyf. Vænta mætti læknaði verkana af því magni, sem greint er í töflunum. Gert er ráð fyrir að nota Laxatan á þann hátt, sem tíðkanlegt er um lyf.

Baldriana Beeren virðist innihalda Valeriana-extrakt. Þetta efni hefur um langt skeið verið notað sem lyf. Nokkur óvissa ríkir um læknaði gildi þess. Ekki verður af fyrirbyggjandi réttarskjöllum ráðið, hversu mikið Valeriana-extrakt sé í hverju „beri“, og því óljóst, hvort gert er ráð fyrir því að nota svipaðan skammt af Valeriana og tíðkanlegur er. Gert er ráð fyrir að nota Baldriana Beeren á þann hátt, sem tíðkanlegur er um lyf.

Bierhefe Pulver virðist vera ölger með dauðum gerlum. Þegar ölger er ætlað til lækninga, eru gerlar venjulega drepnir í því. Bierhefe Pulver virðist því vera sams konar ölger og venjulega er notað til lækninga.

Mistelöl Gelatine Kapseln innihalda engin þau efni, sem sannanlega hafa læknaði verkanir. Gert er ráð fyrir, að Mistelöl Gelatine Kapseln séu notaðir svo sem tíðkanlegt er um lyf.

Immer Jünger Knoblauch Beeren innihalda engin þau efni, sem sannanlega hafa læknaði verkanir. Gert er ráð fyrir, að þau séu notuð svo sem tíðkanlegt er um lyf“

Meðal gagna málsins eru tvær álitserðir landlæknis, dags. 11. febrúar 1955 og 4. júní 1956. Lýtur sú fyrri að efnunum Adesol og Sanasol, en síðari var gerð vegna máls, er spratt af sölu á efninu Knoblauch-Gelatine-Kapseln, þ. e. geirlauksolíu í límbelgjum, sem er um margt hliðstæða máls þess, sem hér er til úrlausnar.

Í álitserð sinni frá 4. júní 1956 segir landlæknir m. a. svo: „.... Kjarni málsins er sá, að úr því sé skorið, hvað sé lyf verzlunarlega séð. Með það í huga vek ég athygli á eftirfarandi:

1. Jafnvel hin þrengsta skýrgreining lyfs í lyfjafræðilegum skilningi girðir ekki fyrir það, að ein og sama vara sé jöfnum höndum lyf og almenn verzlunarvara. Svo er um sykur og salt, benzín og svínafeiti, blástein og natrón, tjöru og zinkhvítu, línolíu og vínanda, jafnvel vatn. Öll þessi efni eru meira að segja skráð lyf í gildandi lyfjaskrá.

2. Fjöldi efna og efnasamsetninga á sér langa hefð sem lyf,

— jafnvel sem ekkert annað en lyf, — án tillits til þess, hvort þau falla undir skýrgreiningu lyfs í lyfjafræðilegum skilningi. Kemur og hér til greina, við hverju lyfið telst eiga. Vatn má ef-laust heimfæra undir lyf í lyfjafræðilegum skilningi, en þegar blátt vatn er selt í lyfjabúðum sem kíkhóstalyfið Sóderín og rennur út eins og vatn, — en til þess eru dæmi, — mundi það ekki réttlætast af neinni lyfjafræðilegri skýrgreiningu.

3. Vara, sem ætíð hefur talizt lyf og ekkert annað en lyf, verður jöfnum höndum annað en lyf, jafnskjótt og hún er tekin til annarra nota en lækninga. Nægir að benda hér á aureo-mýsín, eftir að tekið hefur verið upp á að konservera með því fisk.

4. Vara, sem ætíð hefur talizt almenn verzlunarvara og eng-um hefur dottið í hug í sambandi við lyf eða lækningar, verður jöfnum höndum læknislyf, jafnskjótt og tekið er að nota hana til lækninga. Tökum hér til dæmis lifur við blóðhvarfi.

5. Lyfjaverzlunarlega séð virðist efni vöru út af fyrir sig ekki skipta öllu máli, ef til vill stundum engu, heldur hitt, hvort vara sé *seld sem lyf* eða ekki“

Í álitagerð sinni um vítamínblöndurnar Adesol og Sanasol segir landlæknir m. a. á þessa leið:

„.... 1. Eitt og sama efni getur verið hvort tveggja í senn lyf og annað en lyf, þ. á m. matur og iðnaðarvara, og sker það ekki úr, þó að tiltekið efni sé tekið upp í lyfjaskrá. Af efnum skráð-um í gildandi lyfjaskrá (Ph. D. 1948) má í þessu sambandi nefna hvítasykur, matarsalt, hindberjasaft, þorska-lysi, koltjörü og blýhvítu, svo að fátt eitt sé nefnt.

2. Sjálf efnin skera því ekki úr og ekki heldur mismunandi kröfur um hreinleika þeirra

3. Þótt enginn vandi sé að telja upp fjölda efna og enn fleiri efnablöndur, sem bera það með sér, að um lyf og ekkert annað sé að ræða, verður urmull eftir, sem skipa verður í flokk í hverju einstöku tilfelli og þá fyrst og fremst eftir því, í hverju skyni þau eru seld og hvernig staðið er að sölu þeirra“

Þykir nú nóg samlega hafa verið rakið allt, er máli skiptir og upplýst má telja.

Eins og fram kemur í ákæruskjali, eru aðalþættir máls þessa tveir. Annar er sá verknaður ákærðu að hafa á boðstólum efni eða vörur, sem hafa á umbúðunum auglýsingar um lækninga-gildi varanna, svo og selja vörur, sem fylgja sérstakir auglýs-ingamiðar um lækningagildi varanna svo og annarra vara. Hinn

þátturinn er að selja vörur eða efni, er „þykja falla undir skilgreininguna lyf“.

Svo sem þegar hefur verið greint frá, er það upplýst í málinu, að ákærðu selji í verzlun Pöntunarfélags Náttúrulækningafélags Reykjavíkur efnin Baldriana, Laxatan, Mistelöl, Immer Jünger og Bierhefe Pulver, sem öll geyma á umbúðum sínum upplýsingar um lækningamátt efnanna. Þannig verka t. d. Baldriana á svefnleysi, Laxatan er hægðalyf, Immer Jünger á nánast að vera einhvers konar lífs-elexír, Mistelöl er varnarlyf gegn æðakölkun, of háum blóðþrýstingi, og Bierhefe Pulver er til varnar gegn B-vítamínsskort, sleni, taugaverkjum, svo að eitt-hvað sé tínt til um lækningamátt hvers efnis, eins og auglýst er á umbúðunum. Þá voru auglýsingamiðar í Laxatan- og Baldriana-pökkunum, þar sem endurteknar voru upplýsingarnar á umbúðum Laxatan, Baldriana og Immer Jünger um lækningamátt efnanna með nánari skýringum.

Með því að hafa á boðstólum vörur, sem geyma í og á umbúðum auglýsingar um lækningagildi varanna, svo sem nú hefur verið lýst, hafa ákærðu brotið gegn 1. mgr. 17. gr. 1. nr. 47/1932, um lækningaleyfi, um réttindi og skyldur lækna og annarra, er lækningaleyfi hafa, og um skottulækningar.

Á umbúðum Sanasol og Adesol eru engar þær upplýsingar, er þykja ríða í bága við 17. gr. 1. nr. 47/1932.

Í lögum er hvergi að finna skýrgreiningu á því, hvað sé lyf. Hin fræðilega skýrgreining orðsins lyf (læknislyf) er sú, að — það sé hvert það efni, sem notað er til lækningar sjúkdómi eða til þess að koma í veg fyrir sjúkdóm, hvort heldur er í mönnum eða skepnum. Til lækninga telst að lina þjáningar eða koma í veg fyrir þjáningar af völdum sjúkdóms eða áverka, þar með taldar læknisaðgerðir. Til sjúkdóma teljast sjúkdóms-einkenni. Til læknislyfja teljast efni, sem notuð eru til sjúkdómsgreiningar, svo og sótthreinsandi efni, þegar efni þessi eru ætluð til innvortis eða útvortis notkunar mönnum eða skepnum. Umbúðir og áhöld teljast því aðeins til læknislyfja, að þau séu íborin læknislyfi eða innihaldi læknislyf. —

Eðli málsins samkvæmt verður að beita hinni fræðilegu skýrgreiningu orðsins lyf til úrlausnar því, hvað við sé átt, er lög tala um lyf án nánari skýringar.

Eins og þegar er greint frá, er allt á huldu um læknandi gildi Immer Jünger og Mistelöls, og óvissa ríkir um læknandi gildi efnisins Valeriana, sem Baldriana telst innihalda, sbr. álitsgerð

Kristins Stefánssonar hér að framan. Laxatan inniheldur efnið phenolphthaleín, sem er viðurkennt lyf. Þá er ölger (Bierhefe Pulver) notað til lækninga, sbr. fyrrnefnda álitargerð Kristins Stefánssonar. Um innihald efna þessara er ekki vitað umfram það, sem stendur á umbúðunum og rannsókn Atvinnudeildar Háskólans leiddi í ljós. Ástæðulaust er að vefengja upplýsingarnar á umbúðum Adesol og Sanasol um innihald vítamínblandna þessara, samanber það, sem áður segir um rannsókn Atvinnudeildarinnar á þessum efnum.

Enda þótt þannig nokkur óvissa ríki um innihald og lækningamátt efnanna Laxatan, Mistelöls, Immer Jünger, Baldriana og Bierhefe Pulver, a.m.k. sumra þeirra, er það álit dómsins, að það ráði engum úrslitum um niðurstöðu málsins. Það, sem skiptir hér meginmáli, er, að efni þessi eru notuð „til lækningar sjúkdómi eða til að koma í veg fyrir sjúkdóm“, svo að notuð séu orð hinnar fræðilegu skýrgreiningar orðsins lyf. Þá kemur það og til, að Baldriana, Laxatan, Mistelöl og Immer Jünger eru öll framleidd sérstaklega til lækninga, eins og auglýsingar framleiðanda á umbúðunum bera nánar með sér.

Í álitargerð sinni, sem áður er minnst á, segir prófessor Júlíus Sigurjónsson, að jafnvel þótt eitthvað af orkuefnum sé í Adesol og Sanasol, hljóti magn þeirra að vera svo lítið í hverjum skammti, sem ætlazt er til, að tekinn sé inn, að ekki skipti máli, svo að eðlilegt virðist að telja Adesol og Sanasol vera frekar fæðuuppbót eða lyf en fæðu. Kristinn Stefánsson sagði í sinni greinargerð, að magn vítamína væri svo mikið í Adesol og Sanasol, að vænta mætti læknaði verkana af þeim skömmtum, sem ætlazt er til, að teknir séu, en vítamíninnihald blandanna er A, D, B og C. Telur Kristinn öll þessi vítamín lyf. Auk þess má benda á, að samsetning Adesol og Sanasol er slík, að telja má, að verksmiðjugerðum vítamínum, svo sem calciferol (D-vítamíni) sé bætt í blöndurnar, en calciferol er hættulegt efni, sem háð er sérstökum reglum um geymslu og meðferð alla í lyfjabúðum, sbr. t. d. 40. gr. reglugerðar nr. 273/1950 varðandi gerð lyfseðla og afgreiðslu lyfja.

Með skírskotun til alls þess, sem nú hefur verið sagt, og að öðru leyti til þess, að umbúðir Adesol og Sanasol bera það með sér, svo sem fyrr hefur verið frá greint, að vítamínblöndur þessar eru notaðar sem lyf, er það álit dómsins, að einnig þessar vítamínblöndur falli undir skýrgreiningu orðsins lyf, sem að framan greinir.

Til frekari stuðnings þessari niðurstöðu málsins má benda á, að slík rúm skýrgreining orðsins lyf, sem hér er beitt, er affarsælust fyrir þjóðfélagið. Svo sem kunnugt er, eru lyfjabúðir háðar opinberu eftirliti, m. a. um þau lyf, sem þar eru á boðstólum hverju sinni. Það felst því meiri trygging eða öryggi fyrir almenning í því að binda skilyrðislaust sölu á öllum þeim efnum, sem ætla má, að framleidd séu og seld til að koma í veg fyrir sjúkdóma eða til að lækna sjúkdóma, við þá, sem leyfi hafa til lyfsölu, „þar sem sumar af tegundunum geta orðið háskalegar fyrir líf manna og heilbrigði“, svo að vitnað sé í kansellíbréf um lyfjasölu frá 16. september 1797.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, hafa ákærðu með því að selja í verzlun Pöntunarfélags Náttúrulækningafélags Reykjavíkur vítamínblöndurnar Adesol og Sanasol og efnin Baldriana, Laxatan, Mistelöl, Immer Jünger og Bierhefe Pulver sem læknisdóma gert sig seka um óleyfilega lyfjasölu. Með þessu atferli hafa ákærðu brotið gegn 29. gr. tilskipunar frá 4. desember 1672, um lækna og lyfsala, og kansellíbréfi frá 16. september 1797, um lyfjasölu.

Þar sem niðurstaða málsins er sú, að umrædd efni falla öll undir skýrgreininguna lyf, þá varðar áritun um notkun (skammta) á umbúðirnar, eins og þegar hefur verið lýst, við c-lið 36. gr. reglugerðar nr. 273/1950.

Með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, og samkvæmt 18. gr. 1. nr. 47/1932, 30. gr. tilskipunar frá 4. desember 1672 og kansellíbréfi frá 16. september 1797 þykir refsing hinna ákærðu hvers um sig hæfilega ákveðin kr. 500,00 í sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 3 daga í stað hvernar sektar, verði þær eigi greiddar innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Samkvæmt 30. gr. tilskipunar frá 4. desember 1672 og kansellíbréfi frá 16. september 1797 ber að gera birgðir Pöntunarfélags Náttúrulækningafélags Reykjavíkur af lyfjunum Adesol, Sanasol, Baldriana, Laxatan, Mistelöli, Immer Jünger og Bierhefe Pulver upptækar til ríkissjóðs.

Þá ber að dæma hina ákærðu in solidum til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærðu, Sveinbjörns Jónssonar hrl., er þykja hæfilega ákveðin kr. 2.000,00.

Dómsorð:

Ákærðu, Marteinn Jón Magnússon Skaftfells, Friðrik Lunddal Baldvinsson, Jón Hilmar Norðfjörð, Klemenzen Þorleifs-

son, Steindór Björnsson og Guðni Sigurður Einarsson, greiði hver um sig kr. 500,00 í sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald 3 daga í stað hvernar sektar, verði þær eigi greiddar innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Birgðir Pöntunarfélags Náttúrulækningafélags Reykjavíkur af Adesol, Sanasol, Baldriana, Laxatan, Mistelöli, Immer Jünger og Bierhefe Pulver eru upptækar til ríkissjóðs. Ákærðu greiði in solidum allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda þeirra, Sveinbjörns Jónssonar hrl., að upphæð kr. 2.000,00.

Dómi þessum skal fullnægt með aðför að lögum.

Föstudaginn 27. febrúar 1959.

Nr. 193/1955. **Baldur Guðmundsson** (Ragnar Ólafsson hrl.)

gegn

Sveini Egilssyni h/f

(Sigurgeir Sigurjónsson hrl.).

Dómendur:

hæstaréttardómararnir Árni Tryggvason, Gizur Bergsteinsson, Jónatan Hallvarðsson og Þórður Eyjólfsson og Valdimar Stefánsson sakadómari.

Mál út af verzlunarskuld. Pantandi vöru dæmdur greiðsluskyldur.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 28. desember 1955. Krefst hann sýknu af dómkröfum stefnda og málskostnaðar úr hendi hans í héraði og fyrir Hæstarétti að mati dómsins.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir Hæstarétti.

Eftir uppkvaðningu héraðsdóms hefur áfrýjandi gefið af nýju skýrslu fyrir dómi, og eitt vitni hefur borið vætti.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.